

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/23/31

frá 27. apríl 1998

um tilhögun tímabundinnar tilraunar að því er varðar sýnatöku og prófanir á fræi samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE (*)

(98/320/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykurrófufræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB ⁽²⁾, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fôðurjurtafræja ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjurtafræja ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB, einkum 12. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE er aðeins hægt að vottfesta fræ opinberlega eftir að það hefur verið staðfest með opinberri fræprófun að sýni úr fræi, tekin opinberlega fyrir fræprófun, fullnægja settum skilyrðum.

Staðhæft er að sýnataka úr fræi og fræprófun undir opinberu eftirliti kunní að vera betri kostur en aðferðirnar við opinbera vottun á fræi án þess að umtalsverð rýrnun verði á gæðum fræsins.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 140, 12.5.1998, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 304, 27. 11. 1996, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

Ekki er hægt að staðfesta þessa staðhæfingu á vettvangi bandalagsins enn sem komið er á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir.

Því ber að skipuleggja tímabundna tilraun með sérstökum skilyrðum í þeim tilgangi að meta hvort áður nefnd staðhæfing stenst á vettvangi bandalagsins, einkum hvort einhver umtalsverð rýrnun verður á gæðum fræsins miðað við þau gæði sem fást með opinberu sýnatöku- og fræprófunarkerfi.

Skilyrðin fyrir þessari tilraun ber að skilgreina með þeim hætti að unnt sé að safna sem mestum upplýsingum á vettvangi bandalagsins, þannig að hægt sé að draga ályktanir með tilliti til hugsanlegra síðari breytinga á ákvæðum bandalagsins.

Að því er tekur til þessarar tilraunar ber að leysa aðildaríkin undan tilteknum skuldbindingum sem mælt er fyrir um í viðkomandi tilskipunum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Hér með er tímabundin tilraun innleidd á vettvangi bandalagsins í þeim tilgangi að meta hvort sýnataka fyrir fræprófun og fræprófun undir opinberu eftirliti kunní að vera betri kostur en aðferðirnar við opinbera vottun á fræi í skilningi tilskipana 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE án þess að umtalsverð rýrnun verði á gæðum fræsins.

Öll aðildarríkin geta tekið þátt í tilrauninni.

2. Þau aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni eru hér með leyst undan þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í tilskipunum sem um getur í 1. mgr., að því er varðar opinbera sýnatöku og fræprófun, með fyrirvara um þau skilyrði sem eru sett fram í 2. og 3. gr.

2. gr.

1. Sýnataka skal framkvæmd af sýnatökumönnum, sem hafa til þess heimild frá lögbærum frævottunaraðila í hlutaðeigandi aðildarríki, með þeim skilyrðum sem eru sett fram í 2., 3. og 4. mgr.

2. Sýnatökumenn skulu hafa nauðsynlega fagmenntun, sem þeir fá á námskeiðum sem haldin eru með sömu skilyrðum og gilda um opinbera sýnatökumenn og eru staðfest með opinberum prófum.

Þeir skulu haga sýnatökunni í samræmi við gildandi alþjóðlegar aðferðir.

3. Sýnatökumenn skulu vera:

a) óháðir einstaklingar,

eða

b) einstaklingar, ráðnir af einstaklingi eða lögaðila sem hvorki stundar framleiðslu, ræktun eða vinnslu fræs né viðskipti með fræ,

eða

c) einstaklingar, ráðnir af einstaklingi eða lögaðila sem stundar framleiðslu, ræktun eða vinnslu fræs eða viðskipti með fræ,

Í því tilviki sem um getur í c-lið er sýnatökumanni eingöngu heimil sýnataka á vörueiningum fræs sem eru framleiddar fyrir vinnuveitanda hans, nema vinnuveitandinn, umsækjandi um vottun og lögbær frævottunaraðili ákveði annað.

4. Sýnatökumenn eru ábyrgir gagnvart lögbærum frævottunaraðila á sama hátt og opinberir sýnatökumenn. Sýnatakan skal heyra undir viðeigandi eftirlit lögbærs frævottunaraðila.

5. Í tengslum við eftirlitið, sem um getur í 4. mgr., skulu opinberir sýnatökumenn taka prufusýni úr hluta af vörueiningum fræs sem eru lagðar fram til opinberrar vottunar meðan tilraunin stendur yfir. Skal þeim hluta að jafnaði dreift eins jafnt og mögulegt er á einstaklinga og lögaðila sem leggja fram fræ til vottunar en einnig er heimilt að taka prufusýni til að uppræta efasemdir í sérstökum tilvikum. Þessi hluti skal vera að minnsta kosti 5%.

Aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni skulu bera fræsýni, sem eru tekin opinberlega, saman við sýni úr sömu vörueiningu sem eru tekin undir opinberu eftirliti.

6. Vottunarnúmerið á opinberu merkimiðunum, sem mælt er fyrir um samkvæmt tilskipunum sem um getur í 1. mgr. 1. gr., eða annað viðeigandi kennitákn skal gera aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni kleift að þekkja þær vörueiningar fræs sem sýni hafa verið tekin úr undir opinberu eftirliti.

7. Taki aðildarríki þátt í tilrauninni skal hæfilegur hluti af sýnum, sem það aðildarríki leggur fram til samanburðarprófunar bandalagsins, samanstanda af sýnum sem hafa verið tekin sem liður í tilrauninni. Nánari upplýsingar skulu tilgreindar í tæknilegum aðferðarlýsingum á samanburðarprófunum bandalagsins.

3. gr.

1. Sýnataka skal fara fram á fræprófunarrannsóknarstofum, sem hafa viðeigandi heimild frá lögbærum frævottunaraðila í hlutaðeigandi aðildarríki, með þeim skilyrðum sem eru sett fram í 2.-5. mgr.

2. Rannsóknarstofan skal hafa frægreinanda með umsjón og beina ábyrgð á tæknilegu starfi rannsóknarstofunnar og nauðsynlega menntun til faglegrar stjórnunar fræprófunar-rannsóknarstofunnar.

Frægreinendur skulu hafa nauðsynlega fagmenntun, sem þeir fá á námskeiðum sem haldin eru með sömu skilyrðum og gilda um opinbera frægreinendur og eru staðfest með opinberum prófum.

Rannsóknarstofan skal ráða yfir húsnæði og búnaði sem lögbær frævottunaraðilinn hefur viðurkennt opinberlega að sé fullnægjandi til fræprófunar á því sviði sem heimildin nær til.

Hún skal haga fræprófuninni í samræmi við gildandi alþjóðlegar aðferðir.

3. Rannsóknarstofan skal vera:

a) óháð rannsóknarstofa,

eða

b) rannsóknarstofa sem tilheyrir fræfyrirtæki.

Í því tilviki sem um getur í b-lið er rannsóknarstofunni eingöngu heimil fræprófun á vörueiningum fræs sem eru framleiddar fyrir fræfyrirtækið sem hún tilheyrir, nema fræfyrirtækið sem hún tilheyrir, umsækjandi um vottun og lögbær frævottunaraðili ákveði annað.

4. Frægreinendur, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein 2. mgr., eru ábyrgir gagnvart lögbærum frævottunaraðila á sama hátt og opinberir frægreinendur.

5. Fræprófun á rannsóknarstofunni skal heyra undir viðeigandi eftirlit lögbærs frævottunaraðila.

6. Í tengslum við eftirlitið, sem um getur í 5. mgr., skal profusýni úr hluta af vörueiningum fræs, sem eru lagðar fram til opinberrar vottunar meðan tilraunin stendur yfir, tekið til opinberrar fræprófunar. Skal þeim hluta að jafnaði dreift eins jafnt og mögulegt er á einstaklinga og lögaðila sem leggja fram fræ til vottunar en einnig er heimilt að taka profusýni til að uppræta efasemdir í sérstökum tilvikum. Þessi hluti skal vera að minnsta kosti 7% að því er varðar sáðkorn og 10% að því er varðar fræ annarra tegunda.

Aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni skulu bera fræsýni, sem eru prófuð opinberlega, saman við sýni úr sömu vörueiningu sem eru prófuð undir opinberu eftirliti.

7. Tilvísunarnúmerið á vörueiningunum, sem mælt er fyrir um samkvæmt tilskipunum sem um getur í 1. mgr. 1. gr., eða annað viðeigandi kennitákn skal gera aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni kleift að þekkja þær vörueiningar fræs sem hafa verið prófaðar undir opinberu eftirliti.

8. Taki aðildarríki þátt í tilrauninni skal hæfilegur hluti af sýnum, sem það aðildarríki leggur fram til samanburðarprófunar bandalagsins, samanstanda af sýnum sem hafa verið prófuð sem liður í tilrauninni. Nánari upplýsingar skulu tilgreindar í tæknilegum aðferðarlýsingum á samanburðarprófunum bandalagsins.

4. gr.

Tilraunin og undanþágan, sem um getur í 1. gr., rennur út 30. júní 2002.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum innan þriggja mánaða frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar:

- a) hvort þau vilja taka þátt í tilrauninni,
- b) um umfang þátttökkunar ef þau taka eingöngu þátt í sýnatökunni eða eingöngu í fræprófuninni,
- c) um umfang þátttökkunar ef hún takmarkast við tilteknar tegundir, flokka, svæði eða annað.

Ákveði aðildarríkin að hætta þátttöku í tilrauninni skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum það innan þriggja mánaða.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir lok hvers árs um niðurstöður úr eftirlitinu sem fer fram í samræmi við 5. mgr. 2. gr. og 6. mgr. 3. gr.

3. Í ljósi þeirra niðurstaðna, sem um getur í 2. mgr., auk niðurstaðna úr samanburðarprófunum, sem um getur í 7. mgr. 2. gr. og 8. mgr. 3. gr., er heimilt, í samræmi við málsmeðferð 21. gr. tilskipunar 66/400/EBE, 66/401/EBE og 66/402/EBE og 20. gr. tilskipunar 69/208/EBE, að endurskoða þann hluta af vörueiningum fræs sem opinberir frægreinendur taka profusýni úr í skilningi 5. mgr. 2. gr. eða þann hluta af vörueiningum fræs sem profusýni er tekið úr til opinberrar fræprófunar í skilningi 6. mgr. 3. gr.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. apríl 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.